

Á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 7. desember sl. var lögð fram umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál.

Afgreiðsla sveitarstjórnar var svohljóðandi:

Sveitarstjórn minnir á fyrri hugmyndir ríkisstjórna um að hluti af gistináttagjaldi sem innheimt verður á landinu renni til sveitarfélaga og þá að hluta til beint en einnig í gegnum Jöfnunarsjóð til að tryggja verði að öll sveitarfélög, líka þau sem hafa fáa gistaðir en eftirsóttar náttúruperlur sem þarfnast þjónustu fái einnig tekjur til að standa straum af kostnaði við móttöku ferðamanna.

Þessi bókun sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur
Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri Hrunamannahrepps